

Húftrygging vinnuvéla

Upplýsingaskjal um vátryggingu

SJÓVÁ

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skilmálar nr. 213 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. vátryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Húftrygging vinnuvéla bætir tjón á vinnuvélum vegna skyndilegra atvika.



Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóna sem orsakast af skyndilegum, óvæntum og utanaðkomandi atvikum.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- ✗ Vélarbilunar eða galla í efni.
- ✗ Slits sem leiðir af eðlilegri notkun vinnuvélar.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir ekki afleidd tjón, svo sem afnotamissi eða aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi nema um annað sé samið.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á vátryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. þeirri að um umhirðu vélarinnar sjái aðeins þeir sem hafa næga þekkingu til þess.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.